

Guðmunda Erlendsdóttir

From: Húsnæðisáætlanir - HMS <aaetlun@hms.is>
Sent: föstudagur, 20. september 2024 16:17
Subject: Stafrænar húsnæðisáætlanir

Categories: Vistað í OneCRM; 2409205
One: -1

Some people who received this message don't often get email from aaetlun@hms.is. [Learn why this is important](#)

Komið þið sæl.

Eins og ykkur flestum er eflaust kunnugt þá hefur HMS undanfarin ár verið í samstarfi við sveitafélögin um endurskoðun og uppfærslu stafrænna húsnæðisáætlana þeirra og er nú komi að endurskoðun áætlana fyrir árið 2025.

Húsnæðisáætlanir eru gerðar til 10 ára í senn en koma til endurskoðunar ár hvert og skulu staðfestar af viðkomandi sveitarstjórn. Stefnt er að því að opna fyrir nýja útgáfu í áætlanakerfi stafrænna húsnæðisáætlana undir lok næstu viku og að áætlanagerð **ljúki fyrir 20. janúar 2025**.

Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga eru okkur öllum gríðarlega mikilvægar og hafa stórt hlutverk í því að auka yfirsýn allra aðila á húsnæðismarkaði og í ákvarðanatöku stjórnvalda þegar kemur að húsnæðisstuðningi hins opinbera. Við horfum því til þeirra tækifæra sem eru áframhaldandi samstarfi og þeim samfélagslega árangri sem næst með þessu verkefni.

Teymi húsnæðisáætlana mun á næstu dögum setja sig í samband við sína tengiliði og bjóða upp á kynningarfundir þar sem farið verður yfir áætlanakerfi húsnæðisáætlana og stöðuna á húsnæðismarkaði í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Teymi húsnæðisáætlana skipa eftirfarandi:

Jón Örn Gunnarsson, jon.gunnarsson@hms.is
Róbert Smári Gunnarsson, robert.gunnarsson@hms.is
Elmar Erlendsson, elmar.erlendsson@hms.is

Kær kveðja,
Hermann Jónasson, forstjóri HMS